

Reykjavík, 22. maí 2019

Samkomulag um sátt vegna brota Eimskipafélags Íslands hf. á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti

Hinn 5. apríl 2019 gerðu Fjármálaeftirlitið og Eimskipafélag Íslands hf., hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brota á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið tvívegis gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.) með því að hafa ekki birt innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið var líkt og áskilið er í tilvitnuðu lagaákvæði.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 31.500.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Þá staðfestir málsaðili að hann muni grípa til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað í starfsemi sinni á ný.

Málsatvik

Málsaðili braut gegn 1. mgr. 122. gr. vvl. með því að tilkynna ekki opinberlega eins fljótt og auðið var þegar annars vegar þáverandi forstjóri og hins vegar framkvæmdastjóri alþjóðasviðs málsaðila fengu upplýsingar um að hvor þeirra um sig myndi fá réttarstöðu sakbornings við skýrslutöku hjá embætti sérstaks saksóknara við rannsókn á meintum brotum á samkeppnislögum nr. 44/2005. Nánar tiltekið var þáverandi forstjóri upplýstur um fyrirhugaða réttarstöðu sína í símtali 25. apríl 2018, en framkvæmdastjóri alþjóðasviðs í símtali 27. apríl 2018. Málsaðili birti tilkynningu um framangreint í fréttakerfi NASDAQ 21. maí 2018, þ.e. annars vegar 26 dögum og hins vegar 24 dögum eftir að ofangreindir stjórnendur málsaðila fengu upplýsingar um fyrirhugaða réttarstöðu sína.

Rétt er að geta þess að málsaðili birti tilkynningu í fréttakerfi NASDAQ 10. september 2013 um rannsókn Samkeppniseftirlitsins á meintum brotum málsaðila og dótturfélaga á 10. og 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Málsaðili birti svo tilkynningar í fréttakerfi NASDAQ um rannsókn Samkeppniseftirlitsins, þ. á m. tilkynningar sem birtar voru 15. og 23. október 2014 þar sem kom fram að einstaklingar, og þar á meðal þáverandi forstjóri málsaðila, hefðu verið kærðir af Samkeppniseftirlitinu til sérstaks saksóknara. Þá er enn fremur rétt að geta þess að í afkomu-tilkynningu málsaðila, sem birt var í fréttakerfi NASDAQ 17. maí 2018, kom m.a. fram að starfsmenn málsaðila hafi verið boðaðir til skýrslutöku af embætti héraðssaksóknara¹ og meðal þeirra væru yfirstjórnendur, þ.m.t. þáverandi forstjóri málsaðila, sem hafi fengið réttarstöðu sakbornings. Aftur á móti taldi Fjármálaeftirlitið að þær upplýsingar væru ekki nægjanlega ítarlegar og ófullnægjandi og eftir samskipti milli Fjármálaeftirlitsins og málsaðila birti málsaðili frekari upplýsingar um málið í fréttakerfi NASDAQ 21. maí 2018.

¹ Ath. hér að embætti héraðssaksóknara tók við öllum verkefnum embættis sérstaks saksóknara þegar síðargreinda embættið hætti starfsemi í lok árs 2015.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. vvl. ber útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Útgefanda fjármálagerninga er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu innherjaupplýsinga séu kröfur samkvæmt 4. mgr. 122. gr. vvl. uppfylltar.

Brot á 1. mgr. 122. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 36. tölul. 1. mgr. 141. gr. laganna. Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 122. gr. laganna með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lög- aðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til þess að markmið reglna um upplýsingaskyldu útgefanda er að vernda trúverðugleika markaðarins og hagsmuni fjárfesta. Reglunum er ætlað að stuðla að trausti til markaðarins með því að tryggja að fjárfestum sé ekki mismunað og að þeim sé tryggður jafn aðgangur að upplýsingum. Þá tók sektarfjárhæðin mið af því að um tvö brot er að ræða af hálfu málsaðila og einnig tímalengdar þeirra. Auk þessa var tekið tillit til þess að málsaðili hefur á síðustu fimm árum gerst brotlegur við 1. mgr. 122. gr. vvl.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti, veltu málsaðila og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 31.500.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl. og reglna nr. 728/2014.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.